

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2016

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (stytting vinnutíma), 145. löggjafarþing 2015–2016. Þingskjal 284 — 259. mál.

BHM hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum. BHM fagnar allri umræðu um endurskoðun vinnufyrirkomulags á íslenskum vinnumarkaði. Rannsóknir sýna að stytting vinnuvikunnar víða á Norðurlöndunum hefur haft jákvæð áhrif á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs, aukið vellíðan á vinnustöðum og jafnað stöðu kynjanna.

Lengd vinnutíma er gjarnan nefnt sem ein af ástæðum þess að háskólamenntaðir sérfræðingar leita starfa erlendis. Þá hefur sú gagnrýni verið viðloðandi íslenskan vinnumarkað að framleiðni sé lág vegna langs vinnutíma. BHM hefur lengi hvatt til frekari rannsókna á þessu.

Tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar og áætlanir þar um hafa litið dagsins ljós á vinnumarkaði á undanförunum misserum. Þá er í gangi vinna á vegum aðila á almennum vinnumarkaði um heildarendurskoðun vinnutímans með það að markmiði að stytta heildarvinnutímann. Aðildarfélag BHM hafa lengi haft styttingu vinnuvikunnar í kröfugerðum sínum og BHM litið svo á að eðlilegast sé að um slíkt sé samið í kjarasamningum að undangengnum tilraunaverkefnum.

Virðingarfyllst,



Georg Brynjarsson
hagfræðingur BHM